

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. maí 2026

Mál nr. S-5909/2025:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson settur varahéraðssaksóknari)

gegn

Kyle Andrew Tayag

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður, réttargæslumaður brotþola)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 14. apríl sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 23. október 2025, á hendur Kyle Andrew Tayag, kt. [...], [...], Keflavík, „fyrir nauðgun, með því að hafa [föstu]daginn 13. maí 2022, á bifreiðastæði við Hraunslóð í Heiðmörk, í bifreið ákærða, án samþykkis og með ólögumætri nauðung haft önnur kynferðismök en samræði við A, kt. [...], en ákærði kyssti A á munn og háls og bað hana ítrekað um samræði, klæddi hana úr peysunni, tók um brjóst hennar, sleikti og saug á henni geirvörtu[r]nar, fór úr buxunum, tók um háls [...] og þvingaði hana til munnmaka, setti hönd hennar á lim sinn og lét hana fróa sér, fór inn á buxur A og setti fingur sína á kynfæri hennar og skeytti því engu þó A sagði honum ítrekað að hún vildi þetta ekki og bæði hann um að hætta og ýtti hendi hans í burt og öskraði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 13. maí 2022, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa. Hann krefst jafnframt aðallega frávísunar bótakröfu en til vara lækkunar hennar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Hinn 24. júní 2022 óskaði brotapolí eftir viðtali hjá kærúmóttöku kynferðisbrota hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Kvað hún brotið hafa átt sér stað 13. maí sama ár og hún hefði þegar leitað bæði á Neyðarmóttöku Landspítala og til sálfræðipjónustu. Fjórum dögum síðar mætti brotapolí á lögreglustöð og lagði fram kæru vegna kynferðisbrots af hálfu ákærða.

Brotapolí greindi frá því að hún hefði verið að spila körfubolta á skólalóð ásamt yngri systur sinni og frændsystkinum þegar ákærði hefði komið að vellinum. Hann hefði gengið til þeirra og óskað eftir að taka þátt í leiknum. Hann hefði kynnt sig sem Kevin og sagst vera frá [...], líkt og þau. Brotapolí kvað þau hafa átt samskipti á blöndu af ensku og [...], en þar sem þau væru frá ólíkum landsvæðum á [...] töluðu þau ekki nákvæmlega sömu mállýsku.

Leikurinn hefði hafist þannig að allir kepptu á móti öllum. Ákærði hefði þá ítrekað snert hana á mjöðmunum á hátt sem hún upplifði óþægilegan en hún hefði reynt að láta það ekki trufla sig. Ákærði hefði haft veip og hana langað að prófa. Hún hefði spurt hann hvort hann væri með kannabis þar sem hana langaði að prófa slíkt. Hann hefði svarað því til að hann væri með eitthvað í bifreið sinni og þau því ákveðið að fara í bíltúr. Áður hefði hún fylgt frændsystkinum sínum heim til afa þeirra og síðan farið út í bifreið ákærða.

Ákærði hefði sagst ætla að aka til Hafnarfjarðar þar sem væri gott útsýni en farið allt aðra leið. Þegar hún hefði spurt hann út í leiðina hefði hann svarað því til að hann væri að fara styttri leið. Brotapolí kvaðst hafa talið að þau gætu orðið vinir, enda væru þau frá sama landi, og því sýnt honum vinsamlega framkomu. Hún hefði m.a. spurt hann hversu lengi hann hefði búið á Íslandi og hann svarað að hann hefði dvalið hér í fimm mánuði. Þá hefði hann greint frá því að hann ynni við fiskvinnslu í Hafnarfirði.

Á meðan þau hefðu rætt saman í bifreiðinni hefði hann snert lærið á henni. Hún hefði þá látið í ljós að hún hefði engan áhuga á honum. Ákærði hefði í kjölfarið spurt hana hvaða „týpu“ hún laðaðist að en hún svarað: „Ekki þig, ég er ekkert að hugsa um að vera með þér.“ Hún hefði ítrekað tekið fram að hún óskaði einungis eftir vináttu. Þrátt fyrir það hefði ákærði haldið um hendur hennar og snert læri hennar.

Ákærði hefði ekið inn á bílastæði í skóglendi. Hún hefði spurt hann hvers vegna þau væru þar, enda væri þar ekkert útsýni, aðeins tré og engin hús, bifreiðar eða fólk á ferli. Þá hefði ákærði sagt henni að hann væri ekki með nein efni en hann væri með

smokk. Brotapoli kvaðst hafa svarað að hún vildi ekki gera neitt og langaði einfaldlega að fara heim. Ákærði hefði hins vegar sagt að hann vildi „sofa hjá henni í smá stund“ aftur í bílnum. Hún hefði neitað en hann verið ákveðinn í að vilja kyssa hana og stunda kynlíf með henni. Hún hefði sagt honum að hún hefði aldrei stundað kynlíf og vildi ekki gera það. Hann hefði færst sífellt nær henni og reynt að kyssa hana. Hún kvaðst ekki hafa getað gert annað en að kyssa hann á móti, en hann hefði haldið áfram og kysst háls hennar.

Brotapoli kvaðst hafa verið hálfrosin og reynt að finna leið til að komast undan. Hún hefði náð að taka upp símann og sagt ákærða að hún þyrfti að sinna einhverju. Hún hefði sent frænda sínum skilaboð um að hún þyrfti hjálp og staðsetning hennar hefði fylgt með. Ákærði hefði haldið áfram að snerta hana og hún reynt að ýta honum frá sér. Hann hefði í sífellu sagt „please, please, má ég gera það“ og „sorry“. Henni hefði tekist að hringja í frænda sinn og hún hefði talað íslensku við hann þar sem ákærði skildi ekki málið. Frændi hennar hefði séð skilaboðin, orðið uggandi og reynt að ná í hana. Hún hefði sagt honum að hún væri svolítið hrædd. Þar sem frændi hennar gat ekki ekið hefði hún reynt að ná sambandi við vinkonu sína og sent henni skilaboð með orðinu „hjálp“ en vinkonan hefði ekki skilið samhengið. Síminn hennar hefði verið að verða rafmagnslaus.

Ákærði hefði haldið áfram og farið að reyna að taka hana úr peysunni. Hann hefði beðið um að fá að snerta brjóst hennar eða kyssa þau. Hún kvaðst ekki hafa skilið hann til fulls þar sem hann talaði sitt eigið tungumál. Því meira sem hún neitaði, því ágengari hefði hann orðið. Hún kvaðst hafa talið sig verða að leyfa honum þetta til að hann hætti og hún kæmist heim en hún hefði þó komið í veg fyrir að hann tæki hana alveg úr peysunni. Ákærði hefði snert brjóst hennar, kysst þau og sögið. Þá hefði hann farið úr buxunum og fróað sér. Brotapoli kvaðst hafa frosið enda aldrei upplifað neitt þessu líkt áður.

Ákærði hefði tekið um háls hennar, haldið henni og beðið hana um að veita honum munnmök, ítrekað sagt „please, please“. Hún hefði neitað en hann þá sagt að ef hún gerði þetta yrði þessu lokið. Hann hefði ýtt höfði hennar niður að getnaðarlim sínum. Brotapoli kvaðst alls ekki hafa viljað gera þetta, heldur einungis viljað komast heim, en hún hefði talið þetta vægara en að stunda samræði við hann í aftursæti bifreiðarinnar. Hún hefði talið sig ekki eiga annan kost en að hlýða, enda hefði hann sagt að þau færu heim að því loknu. Á meðan hefði hann haldið höfði hennar niðri, haldið um getnaðarlim sinn og þrýst honum lengra inn í munn hennar. Hún hefði viljað komast út úr bifreiðinni en ekki vitað hvar hún væri stödd og sími hennar verið að verða rafmagnslaus.

Ákærði hefði síðan sett hönd hennar á getnaðarlim sinn og reynt að fá hana til að fróa sér. Hún hefði sagt honum að hún kynni það ekki en hann svarað að hann myndi kenna henni. Hún hefði reynt að láta hann fá sáðlát í þeirri von að atvikunum lyki en það hefði ekki tekist. Þá hefði ákærði sett hönd sína ofan í buxur hennar. Hún hefði verið í joggingbuxum og hann því komist niður að kynfærum hennar og snert þau innan klæða.

Hún hefði reynt að stöðva hann og ýta honum frá en hann beðið um „smá stund“. Þá hefði hún farið að öskra, segja stopp og gráta og þá hefði hann hætt.

Ákærði hefði í kjölfarið fært sig í aftursæti bifreiðarinnar og beðið um að fá að setja getnaðarlim sinn í leggöng hennar. Hún hefði ekki viljað færa sig í aftursætið en hann reynt að draga hana þangað og ítrekað sagt „please, please“. Á sama tíma hefði frændi hennar hringt og hún svarað. Hann hefði verið áhyggjufullur og hún beðið hann um að koma heim til sín og sagt að hún þyrfti á honum að halda. Hún hefði jafnframt beðið hann um að láta sem einhver nákominn henni hefði látist í þeirri von að ákærði teldi hana þurfa að komast tafarlaust heim. Ákærði hefði áfram reynt að fá hana til að stunda samræði við sig en að lokum gefist upp og farið aftur í framsætið. Hann hefði þó haldið áfram að kyssa háls hennar og ítrekað sagt „please“, en hún tekið fram að hún yrði að komast heim.

Að lokum, eftir líklega um 20–30 mínútur, hefði ákærði ekið af stað en stoppað á leiðinni, kysst hana og snert brjóst hennar. Þegar þau nálguðust heimili hennar hefði hann beygt í gagnstæða átt og sagt: „Förum bara heim til mín og höfum gaman.“ Hún hefði neitað og hann þá að lokum ekið henni heim til afa hennar. Hún hefði hlaupið inn í húsið og aðeins sagt frænda sínum frá atvikunum. Skömmu síðar hefði ákærði sent henni skilaboð á Snapchat og sagst vilja hitta hana aftur, en hún þá „blokkað“ hann.

Brotapoli kvaðst síðar hafa séð myndefni á samfélagsmiðlum sem vinkona hennar birti þar sem ákærði sæist. Hún hefði spurt vinkonuna hvernig hún þekkti hann og fengið þau svör að hann væri barnsfaðir vinkonu hennar. Þá hefði hún komist að því að hann hétu ekki Kevin, líkt og hann hefði sagt henni, og hefði búið mun lengur á Íslandi en hann hafði haldið fram. Í kjölfarið hefði hún sagt móður sinni frá atvikunum og leitað á Neyðarmóttöku.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings á Neyðarmóttöku kemur fram að brotapolí hafi mætt á móttökuna 22. júní 2022 kl. 10:00. Hún hafi greint frá því að hafa verið að spila körfubolta með ungum frænda þegar ákærði hefði komið að og farið að spila með þeim, en hún hefði aldrei séð hann áður. Hann hefði talað [...] sem hún hefði skilið að hluta. Hún hefði viljað prófa „gras“ og þau hefðu því farið saman á bifreið ákærða. Hún hefði talið þau á leið til Hafnarfjarðar en hann hefði ekið aðra leið og sagt að hann væri að stytta sér leið. Hann hefði ekið fram hjá skógi og lagt á bílastæði þar sem tré umkringdu svæðið. Hún hefði spurt af hverju þau væru þarna og hann svarað að hann væri ekki með „gras“ heldur smökk.

Hún hefði sagt honum að hún hefði ekki áhuga á kynferðislegum samskiptum en ákærði hefði engu að síður farið að snerta hana og klæða hana úr. Hann hefði beðið um að fá að snerta brjóst hennar og síðan sleikt þau. Hann hefði reynt að setja getnaðarliminn í leggöng hennar án árangurs og látið hana veita sér munnmök. Brotapoli hefði sagt

honum að hún hefði fengið skilaboð og þyrfti að fara heim. Litli frændi hennar hefði hringt í hana á meðan ákærði hefði verið að taka hana úr buxunum. Á leiðinni heim hefði ákærði viljað fara heim til sín en brotþoli neitað. Að lokum hefði hann keyrt hana í átt að heimili afa hennar og hún gengið heim til hans. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli hafi síðar séð myndir af ákærða á samfélagsmiðlum og fengið upplýsingar um hver hann væri í raun. Þá kemur fram að brotþoli hafi átt erfitt með að greina frá atvikunum og sagst ekki geta sagt frá öllu og að henni hafi liðið illa og hún hafi tárast við frásögnina. Beiðni hafi verið send til sálfræðings og tilkynning til réttargæslumanns.

Meðal gagna málsins eru skilaboð sem brotþoli sendi umrætt kvöld, annars vegar til frænda síns og hins vegar til vinkonu sinnar. Í skilaboðum til frænda hennar má finna upplýsingar um staðsetningu þar sem fram koma bæði lengdar- og breiddargráður. Hnitin vísa að akveginum Hraunslóð, sem liggur í norðaustur frá Heiðarvegi í Heiðmörk, í upplandi Reykjavíkur. Heiðarvegur er í framhaldi af Heiðmerkurvegi þegar ekið er frá Suðurlandsvegi við Rauðhóla. Við eftirfylgni hnitanna leiddi staðsetningin á útskot á vinstri hönd, um 330 metrum eftir að beygt er af Heiðarvegi inn á Hraunslóð, sem liggur um skógi vaxið svæði í Heiðmörk.

Í vottorði B sálfræðings, dags. 17. apríl 2023, kemur fram að brotþola hafi verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðipjónustu Neyðarmóttökunnar. Rætt hafi verið við hana í síma 23. júní 2022 og fyrsta viðtal bókað 30. júní 2022 en þá hafi um sjö vikur verið liðnar frá atvikinu. Brotþoli hafi sótt alls 15 viðtöl á tímabilinu 30. júní 2022 til 11. janúar 2023. Í viðtölunum hafi afleiðingar meints kynferðisbrots verið metnar, fylgst með andlegu ástandi hennar, þ.m.t. einkennum áfallastreituröskunar, og veitt áfallahjálp, sálrænn stuðningur og mat á þörf fyrir sálfræðilega meðferð.

Brotþoli hafi strax í upphafi lýst verulegri vanlíðan eftir meint brot. Hún hafi átt erfitt með að sinna daglegri rútínu og hafi grátið í símtali. Hún hafi greint frá svefntruflunum sem ekki hafi verið til staðar áður, þar sem hún hafi átt erfitt með að sofna, vaknað á næturnar og oft ekki getað sofnað aftur. Hún hafi einnig lýst erfiðleikum með að nærast, þar sem tilfinning um seddu hafi vakið upp minningar um meint brot og valdið tilfinningalegu uppnámi. Geðslag hennar hafi verið vægt lækkað og tilfinningaleg ásýnd í samræmi við umræðuefnið og hún hafi grátið þegar rætt var um atvikið. Hún hafi greint frá auknum sjálfsvígshugsunum og hugsunum um sjálfsskaða í kjölfar meints brots og hafi einu sinni skaðað sig með því að skera sig í höndina. Brotþoli hafi verið metin í aukinni sjálfsvígshættu í nokkrum viðtölum. Í fjórða viðtali, 16. ágúst 2022, hafi verið beitt sérstöku inngrípi til að draga úr sjálfsvígshugsunum og koma í veg fyrir sjálfsskaðahæðun.

Brotapoli hafi lýst því að hafa upplifað kvíða, bjargarleysi, hrylling og ógeð á meðan meint brot átti sér stað. Hún hafi jafnvel upplifað að hún væri í lífshættu á einum tímapunkti. Hún lýsti því að hafa ítrekað beðið meintan geranda að hætta og sagt „mig langar ekki að gera þetta“ og „ég vil fara heim“, auk þess sem hún hafi reynt að ýta höndum hans frá sér. Hún hafi lýst því að hafa upplifað sig fasta inni í bifreið með geranda sem var undir stýri og reynt að hafa samband við frænda sinn til að fá aðstoð. Þegar meintu kynferðisofbeldi hafi lokið hafi hún verið „í losti“.

Upplifun og viðbrögð brotþola samræmist viðmiðum fyrsta greiningarþáttar áfallastreituröskunar samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum. Hún hafi greint frá endurteknum, truflandi og óvelkomnum minningum um meint brot sem komið hafi daglega. Hún hafi fengið martraðir um ákærða sem vöktu hana í líkamlegu og tilfinningalegu uppnámi og oft ekki getað sofnað aftur eða reynt að halda sér vakandi af ótta við martraðirnar. Hún hafi lýst sterkum tilfinningalegum og lífeðlislegum viðbrögðum við áreitum sem minntu á atburðinn. Þá hafi hún greint frá forðunareinkennum, svo sem að forðast hugsanir um atburðinn og aðstæður sem minntu á hann, t.d. að spila körfubolta eða sitja í framsæti bifreiðar. Hún hafi lýst neikvæðum viðhorfum, sjálfsásökun, áhugaleysi og erfiðleikum með að upplifa jákvæðar tilfinningar. Hún hafi einnig greint frá aukinni áhættusækni og sjálfsskaðahegðun eftir atburðinn, m.a. að hafa skorið sig. Þá hafi hún lýst ofurárvekni, auknum þirringi, svefntruflunum og einbeitingarerfiðleikum sem hefðu versnað eftir meint brot, hún missti oft þráðinn í samræðum og væri mjög vör um sig og viðbrigðin.

Ofangreind einkenni hafi truflað brotþola í daglegu lífi og valdið henni uppnámi, t.d. vegna þess að hún hafi átt erfitt með svefn og var því mjög þreytt á daginn. Hún hafi átt erfitt með að mæta til vinnu fyrstu dagana eftir meint brot vegna aukins kvíða og ótta um að eitthvað slæmt gæti hent hana. Hún hafi lýst því að eiga erfitt með að sinna verkefnum sem hún var vön og að finna fyrir auknum sjálfsskaðahugsunum og vanlíðan.

Í þriðja viðtali hafi verið gerð ítarleg greining á einkennum áfallastreituröskunar. Niðurstaðan hafi verið sú að brotþoli uppfyllti öll greiningarskilmærki áfallastreituröskunar í kjölfar meints kynferðisofbeldis. Fram hafi komið að brotþoli hafi áður upplifað skammvinnar sveiflur í líðan og ekki fengið meðferðir við geðrænum vanda en stöku sinnum sótt sálfræðiviðtöl. Brotþola hafi verið veitt áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð. Reglulegt endurmat á áfallastreitueinkennum brotþola hafi sýnt að þau minnkðu eftir því sem á meðferðina leið og að hún sýndi vaxandi getu til að takast á við þau. Við lok meðferðar hafi verið merki um góðan bata. Tekið er fram að bakslag sé algengt eftir farsæla úrvinnslu áfalla og að einkenni geti komið fram á ný við aukna streitu eða þegar þolandi lendir í aðstæðum sem minna á áfallið.

Í samantekt vottorðsins kemur fram að allt viðmót brotþola bendi til þess að hún hafi upplifað ofsaóttu og bjargarleysi meðan á meintu kynferðisbroti hafi staðið. Endur-

tekið greiningarmat hafi sýnt að hún þjádíst af áfallastreituröskun í kjölfar atburðarins. Sálræn einkenni hennar hafi verið í samræmi við það sem þekkt er hjá einstaklingum sem hafa upplifað alvarleg áföll, svo sem líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi verið í samræmi við frásagnir hennar og hún virtist ávallt hreinskilin, trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Brotapoli hafi lokið formlegri meðferð við áfallastreituröskun og bar hún góðan árangur samkvæmt klínísku mati og niðurstöðum sjálfsmatskvarða. Brotapoli hafi verið samstarfsfús, nýtt sér vel sálrænan stuðning og lagt sig fram við að vinna krefjandi verkefni meðferðar þrátt fyrir erfiðleika. Ekki sé unnt að segja til með vissu hver langtímaáhrif meints brots verði en ljóst sé að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan hennar.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 22. september 2022. Hann kvaðst hafa hitt brotapolu á körfuboltavelli þar sem þau hefðu spilað körfubolta ásamt frændsystkininum hennar. Að loknum leiknum hefðu þau farið saman í bíltúr. Brotapoli hefði spurt hann hvort hann reykti kannabis en hann kvaðst hafa neitað því. Hann sagði að þau hefðu einungis rætt saman í bílnum og að brotapoli hefði viljað kynna fólki frá [...]. Þau hefðu ekið um Breiðholt og Árbæ. Hún hefði í rauninni leitt þau áfram þar sem hann hefði ekki verið kunnugur svæðinu. Þau hefðu stoppað einhvers staðar í Árbæ í nokkrar mínútur til að reykja. Bílferðin hefði staðið yfir í 30–40 mínútur en hann síðan ekið henni heim. Kveðjustundin hefði verið eðlileg og hann boðið henni að hafa samband ef hún vildi fara á rúntinn aftur. Hann kvaðst hafa sent henni skilaboð á Snapchat um fjórum dögum síðar og spurt hvernig hún hefði það. Hún hefði svarað að sér liði vel en þau hefðu ekki rætt um að hittast á ný. Hann hefði tekið saman við kærustuna á ný skömmu síðar. Ákærði neitaði því alfarið að nokkuð kynferðislegt hefði átt sér stað á milli þeirra brotapolu og kvaðst ekki vita hvers vegna hún sakaði hann um kynferðisbrot. Spurður hvort brotapoli hefði talað í símann meðan á bílferðinni stóð kvaðst ákærði kannast við það og sagði hana hafa talað bæði íslensku og [...] mállýsku.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi frá því að á umræddum tíma hefði hann nýlega slitið sambandi við kærustuna sína. Á þessum tíma hefði hann verið búinn að búa á Íslandi í tvö til þrjú ár. Hann hefði fyrst komið hingað árið 2018 í heimsókn til ættingja en flutt til landsins frá Svíþjóð árið 2019. Á þessum tíma hefði hann búið hjá ömmu sinni og bróður í Keflavík en stundum gist hjá vinum í Reykjavík.

Hann kvaðst hafa ekið að körfuboltavelli þar sem hann hefði séð brotapolu spila körfubolta með nokkrum öðrum. Þau hefðu tekið tal saman og hún boðið honum að taka þátt í leiknum. Að leik loknum hefði brotapoli viljað fara í bíltúr og spurt hann hvort hann ætti kannabis til að reykja. Hann hefði neitað því og tekið fram að hann ætti einungis

veip. Þau brotþoli hefðu ekið um Breiðholt og yfir í Árbæ. Hann kvaðst á þessum tíma ekki hafa verið vel kunnugur vegakerfinu í Reykjavík og því ekki vitað nákvæmlega hvar hann hefði verið að keyra. Hann kannaðist ekki við að förlinni hefði verið heitið til Hafnarfjarðar. Hann sagði að ekkert hefði gerst í bílnum annað en að þau hefðu rætt saman, einkum um fjölskyldur sínar og hvaðan á [...] brotþoli væri, en hann þekkti til á því svæði.

Ákærði neitaði alfarið að nokkuð kynferðislegt hefði átt sér stað milli þeirra og kvað slíkt ekki hafa verið rætt. Hann kvaðst telja frásögn brotþola vera tilbúning, hugsanlega vegna þess að hún vonaðist eftir fjárhagslegum ávinningi af málinu. Hann kvaðst hafa stoppað einu sinni í 5–10 mínútur til að fara út úr bílnum og reykja sígarettu. Það hefði verið einhvers staðar í Árbæ þar sem mörg tré voru. Hann sagðist ekki gera sér fyllilega grein fyrir nákvæmri staðsetningu en taldi sig ekki hafa farið út fyrir þéttbýlið. Hann hefði séð gangandi vegfarendur á svæðinu. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við að brotþola liði illa; hún hefði hlegið og virst kát.

Hann sagðist ekki muna eftir að brotþoli hefði talað í símann, en hún hefði verið með símann í höndunum og á leiðinni heim hefði hún sagt að einhver hefði látist og hún þyrfti því að komast heim. Hann hefði orðið við því og ekið henni heim. Hann taldi bílferðina hafa tekið um 30 mínútur. Þau hefðu átt samskipti nokkrum dögum síðar á Snapchat sem vinir en þau hefðu ekki hist aftur. Hann hefði spurt hana hvernig henni liði og hún svarað að sér liði vel. Ekkert hefði verið rætt um að hittast á ný og hann kannaðist ekki við að hún hefði lokað fyrir samskipti við hann. Hann hefði síðan tekið upp samband við fyrrverandi kærustu sína á ný og ekki hugsað frekar um málið. Að lokum greindi ákærði frá því að hann byggji nú með íslenskri konu og þau ættu saman [...] ára barn.

Brotþoli kvaðst hafa verið að spila körfubolta á skólalóð ásamt frændsystkinum sínum þegar ákærði hefði komið akandi að og gengið inn á völinn við hlið þeirra. Í ljósi hefði komið að hann talaði [...]. Hann hefði kynnt sig sem Kevin og spurt hvort hann mætti spila með þeim. Þau hefðu skipt sér í lið og spilað körfubolta. Á meðan á leiknum stóð hefði ákærði snert mjaðmir hennar á hátt sem hún upplifði sem óviðeigandi. Hún kvaðst hafa æft körfubolta áður en aldrei upplifað slíka snertingu.

Að leik loknum hefðu þau rætt saman og ákærði farið að veipa. Brotþoli kvaðst hafa spurt hvort hún mætti prófa og síðan hvort hann ætti kannabis, þar sem hún hefði verið forvitin að prófa það. Hann hefði játað því og þau ákveðið að fara í bílferð. Hún hefði fylgt frændsystkinum sínum heim til afa síns og upphaflega hefði staðið til að frændi hennar kæmi með. Á meðan hún hefði fylgt frændsystkinunum hefði ákærði sent henni skilaboð á Snapchat og sagt að best væri að þau færu tvö ein. Hún hefði því farið ein til baka þar sem ákærði beið hennar á bílplaninu.

Hún hefði talið að þau væru á leið til Hafnarfjarðar en ákærði hefði ekið aðra leið og sagt að hann ætlaði að sýna henni gott útsýni á meðan þau reyktu kannabis. Á leiðinni hefði hann farið að spyrja hana hvaða mönnum hún hefði áhuga á. Hún hefði tekið skýrt fram að hún hefði engan áhuga á honum og vildi einungis vera vinur hans. Hann hefði þá spurt hvort [...] væru ekki hennar „týpa“. Hún kvaðst hafa fundið fyrir óþægindum og sagt að hún væri aðeins þarna til að reykja.

Ákærði hefði farið að snerta læri hennar og hún reynt að ýta hendi hans frá. Hún hefði orðið stressuð, fundið að eitthvað væri rangt og viljað fara heim. Ákærði hefði ekið út í skóglendi og hún ekki vitað hvar hún væri stödd. Hann hefði lagt á bílastæði þar sem ekkert var sjáanlegt nema tré. Hún hefði bent honum á að þar væri ekkert útsýni en hann hefði hunsað það og skipt um umræðuefni. Þegar hún hefði spurt hvar kannabisið væri hefði hann svarað að hann væri ekki með kannabis en væri með smokk.

Brotapoli kvaðst hafa orðið hálfrosin og ítrekað sagt að hún væri ekki þarna til að stunda kynlíf heldur aðeins til að reykja og að hún sæi hann einungis sem vin. Hún hefði fundið fyrir miklum óþægindum. Ákærði hefði farið að hrósa líkama hennar, tala um körfubolta og síðan snerta hana. Hann hefði sagt að hann hefði talið hana 16 ára en brosað þegar hann komst að því að hún væri [...] ára. Hann hefði beðið hana um að kyssa sig en hún neitað og sagt að hún vildi fara heim ef þau ætluðu ekki að reykja. Þá hefði atburðarásin orðið mun óþægilegri.

Ákærði hefði ítrekað beðið hana um að kyssa sig „smá“ og sagt að þá myndi hann keyra hana heim. Hún hefði neitað en hann þrýst á hana. Hún hefði viljað komast heim en ekki vitað hvar hún væri og síminn hennar verið að verða rafmagnslaus. Ákærði hefði farið að kyssa háls hennar og klæða hana úr. Hann hefði lyft upp bol hennar og hún reynt að neita en hann hefði verið of sterkur fyrir hana. Hann hefði haldið áfram að segja „please“. Hún hefði reynt að líta út og athuga hvort hún gæti komist burt en ekkert séð.

Hún hefði reynt að búa til afsökun. Á meðan hefði ákærði tekið af henni brjósta-haldarann, kysst og sögið geirvörtur hennar. Hún hefði aldrei upplifað slíkt áður og fundið fyrir miklum óþægindum. Hún hefði reynt að ýta honum frá sér en það hefði verið án árangurs. Hún hefði tekið símann upp án þess að hann sæi og sent vinkonu sinni skilaboðin „hjálp“. Vinkonan hefði ekki skilið alvarleikann. Hún hefði þá sent frænda sínum skilaboð og staðsetningu. Hann hefði haft áhyggjur en ekki getað komið þar sem hann var ekki á bíl. Hann hefði boðist til að senda föður sinn en hún ekki viljað það. Frændinn hefði síðan hringt og hún talað hratt á íslensku þar sem hún vissi ekki hvort ákærði skildi málið. Hún hefði sagt frænda sínum að ákærði væri að gera eitthvað rangt við sig. Hann hefði viljað hringja á lögreglu en hún neitað vegna áhyggja af viðbrögðum móður sinnar. Hún hefði beðið hann að láta sem einhver hefði dáíð.

Ákærði hefði síðan farið með hönd sína undir buxur hennar og snert kynfæri hennar. Hún hefði öskrað og sagt að hún vildi þetta ekki en ekki getað ýtt honum frá sér.

Hún kvaðst hafa óttast að eitthvað slæmt myndi gerast. Hann hefði þá bakkað aðeins. Hún hefði sagt að hún vildi fara heim en hann haldið áfram að þræbiðja hana. Frændi hennar hefði reynt að hringja aftur en hún ekki getað svarað.

Ákærði hefði síðan farið að snerta sjálfan sig innan klæða og klætt sig úr. Hann hefði sagt henni að hjálpa sér að fróa sér. Hún hefði neitað og sagst hvorki kunna það né vilja. Hann hefði sagst ætla að kenna henni og tekið í hönd hennar. Hann hefði sagt að ef hún hjálpaði honum myndu þau fara heim. Hún hefði sagt honum að frændi hennar hefði hringt og sagt að einhver hefði dáið og hún þyrfti að fara. Hann svaraði: „Ókei, bara smá stund og svo getum við farið heim.“ Hún hefði viljað fara strax en hann sagst að þau færu þegar hún hefði hjálpað honum að fróa sér. Hún hefði neitað en kvaðst á endanum hafa orðið að gera það.

Ákærði hefði gripið um háls hennar og látið hana veita sér munnmök. Hún hefði reynt að ýta sér frá en ekki getað það. Hann hefði hætt um stund og sagt að hann vildi ekki fá sáðlát strax. Hún hefði sagt að hún þyrfti að fara heim en hann hefði látið hana halda áfram og síðan tekið smokk og sagst vilja fara í aftursætið. Hún hefði ítrekað að hún þyrfti að fara heim en ákærði hefði opnað dyrnar hennar megin og sagt henni að fara út og inn í aftursætið.

Ákærði hefði farið út úr bílnum til að færa sig í aftursætið og hún notað tækifærið til að svara símtali frænda síns. Hún hefði sagt honum að skoða staðsetninguna sem hún hefði sent og að síminn væri að verða rafmagnslaus. Hann hefði hvatt hana til að reyna að komast út en hún sagst að hún vissi ekki hvar hún væri. Þá hefði ákærði komið að dyrum hennar. Hún hefði neitað að fara út og lokað dyrunum. Hann hefði þá farið í aftursætið, tekið í hönd hennar og sagt henni að koma þangað og að hún mætti síðan fara heim. Hann hefði setið ber að neðan í aftursætinu og tilbúinn til samræðis. Hún kvaðst hafa „frosið“ og ítrekað neitað og sagst vilja fara heim. Að lokum hefði ákærði samþykkt að keyra hana heim.

Á leiðinni hefði hann haldið áfram að snerta læri hennar og biðja um „bara smá“. Hann hefði spurt hvort hann væri ekki hennar „týpa“ og hún neitað því. Hann hefði stoppað í hvert sinn sem hann gat en hún ýtt honum frá. Hann hefði síðan ranglega beygt og ekið í átt að heimili sínu og sagst vilja fara með hana þangað. Hún hefði neitað og hann loks ekið henni heim til afa hennar. Þar hafi frændsystkini hennar verið úti að leika. Ákærði hefði kvatt og ekið hratt í burtu. Hún hefði hlaupið inn í húsið vegna ótta og falið að hún væri grátandi svo afi hennar og litla systir sæju það ekki.

Frændi hennar hefði fengið föður sinn til að aka þeim heim til hennar þar sem hún hefði sagt frænda sínum hvað hefði gerst. Skömmu síðar hefði ákærði sent henni skilaboð sem hún hefði hunsað. Hún hefði síðan komist að því hver hann væri þegar vinkona hennar birti mynd af honum á Snapchat og hún spurði nánar út í það.

Henni hefði líðið mjög illa eftir atvikið, hún hefði ekki viljað fara út úr húsi og hætt að stunda körfubolta og aðra hluti sem hún hefði áður gert. Hún hefði átt erfitt með að ræða málið og það hefði tekið hana mánuð að segja móður sinni frá. Hún hefði ekki getað haldið því inni lengur og móðir hennar hefði ítrekað spurt hvers vegna hún færi ekki lengur út. Hún hefði síðan farið á heilsugæslu og síðar í viðtal hjá lögreglu. Hún hefði leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingi og sótt mörg viðtöl. Hún hefði talið sig hafa jafnað sig en vanlíðanin hefði komið aftur og hún þurft á ný á aðstoð að halda seinni hluta síðasta árs. Hún hefði einnig þurft að taka veikindaleyfi frá vinnu vegna einbeitingararferðleika.

Vitnið C, frændi brotaþola, kvaðst hafa fengið skilaboð frá brotaþola umrætt kvöld þar sem hún óskaði eftir hjálp. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir alvarleika aðstæðnanna. Hann hefði síðan hitt hana heima hjá henni eftir atvikið. Hún hefði grátið og líðið mjög illa. Hún hefði þar greint honum frá því að ákærði hefði gert henni eitthvað kynferðislegt sem væri „ógeðslegt“ og „mjög rangt“. Hann staðfesti það sem haft var eftir honum í skýrslu lögreglu um að brotaþoli hefði lýst því að ákærði hefði látið hana veita sér munnmök.

Vitnið D, vinkona brotaþola, kvaðst hafa vaknað við skilaboð frá brotaþola umrætt kvöld. Hún hefði svarað með: „Hvað?“ en ekki fengið frekari viðbrögð. Skömmu síðar hefði brotaþoli hringt í hana hágrátandi og í miklu uppnámi og greint frá því sem hefði komið fyrir. Vitnið kvað brotaþola enn í dag glíma við kvíðaköst vegna atviksins og eiga erfitt með að vera í stórum mannfjölda, þó að ástandið hafi smám saman skánað.

Vitnið E, vinkona brotaþola, kvað brotaþola hafa hringt í sig um mánuði eftir atvikið og spurt hvernig hún þekkti ákærða, þar sem brotaþoli hefði séð mynd af honum á samfélagsmiðlaaðgangi hennar. Vitnið kvaðst eiga aðra vinkonu sem hefði átt í sambandi við ákærða og hún hefði upplýst brotaþola um það. Brotaþoli hefði þá grátið og sagt vitninu frá því sem gerst hefði.

Brotaþoli hefði greint henni frá því að hún hefði hitt ákærða við körfuboltaleik og verið forvitin um að prófa kannabis. Ákærði hefði boðið henni að fara með sér og brotaþoli ekki vitað hvert þau færu; annaðhvort hefði staðið til að fara til Hafnarfjarðar en þau ekki endað þar, eða öfugt. Ákærði hefði sagt henni að hann ætlaði að sýna henni fallett útsýni. Ákærði hefði beðið hana um að fara niður á sig og veita sér munnmök og að þau myndu þá fara heim. Brotaþoli hefði óttast að eitthvað slæmt myndi gerast ef hún hlýddi honum ekki. Vitnið lýsti brotaþola sem mjög skelkaðri og að hún hefði skammast sín mikið fyrir að hafa farið með ákærða. Hún hefði treyst honum þar sem hún hefði talið að allir [...] væru góðir.

Vitnið kvað brotáþola hafa átt erfitt eftir atvikið og þróað með sér kvíða. Spurð hvort hún minntist þess að hafa greint lögreglu frá því að brotáþoli hefði lýst samförum í aftursæti kvaðst vitnið ekki muna það en útilokaði það ekki. Hún sagði að sér væri þó ljóst að allt sem gerst hefði í bifreiðinni hefði verið þvingað.

Vitnið F, móðir brotáþola, kvað brotáþola hafa greint sér frá atvikinu mánuði eftir að það átti sér stað. Vinkona vitnisins hefði bent henni á að brotáþoli þyrfti á stuðningi hennar að halda og hún hefði því farið til hennar og spurt hvað hefði gerst. Brotáþoli hefði í fyrstu verið treg til að tjá sig og sagt að hún óttaðist að móðir hennar yrði reið. Hún hefði síðan lýst því að hún hefði farið með ákærða vegna þess að hún hefði haft áhuga á að prófa fíkniefni. Brotáþoli hefði treyst honum þar sem hún hefði talið að allir [...] hefðu gott hjarta.

Vitnið kvað brotáþola hafa hágrátið þegar hún lýsti því að ákærði hefði snert hana gegn vilja hennar. Brotáþoli væri saklaus, hún hefði á þessum tíma ekki átt kærasta og verið hrein mey. Hún hefði greint frá því að hafa sent frænda sínum skilaboð og rætt við hann í síma. Hún hefði sagt ákærða að hún þyrfti að fara heim vegna frænda síns. Hún hefði talið gagnslaust að öskra þar sem enginn hefði verið á staðnum og óttast að ákærði gæti drepið hana.

Vitnið kvað brotáþola hafa átt mjög erfitt eftir atvikið. Áður en hún hefði sagt frá hefði vitnið tekið eftir breytingum á hegðun hennar; hún hefði dregið sig inn í herbergi sitt, ekki viljað tala og neitað að eitthvað væri að. Frá þessum tíma hefði brotáþoli átt mjög erfitt og þjáðst mikið sem vitninu hefði verið sárt að horfa upp á. Brotáþoli væri t.d. hrædd við snertingu og hefði einangrað sig verulega.

Spurð um framburð sinn hjá lögreglu staðfesti vitnið að brotáþoli hefði sagt sér að ákærði hefði látið hana velja á milli þess að veita honum munnmök eða stunda samfarir með honum.

Vitnið G, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, staðfesti skýrslu sína vegna komu brotáþola á Neyðarmóttöku. Hún kvað brotáþola hafa komið þangað um mánuði eftir atvikið og því ekki hitt lækni. Vitnið sagðist muna vel eftir komu hennar og að hún hefði skráð frásögn brotáþola beint upp eftir henni í viðtalinu. Sú lýsing að ákærði hefði reynt að setja getnaðarlim sinn í leggöng brotáþola væri því höfð eftir henni sjálfri.

Vitnið B sálfræðingur greindi frá viðtölum sínum við brotáþola. Hún hefði komið í 15 viðtöl þar sem metnar voru afleiðingar atviksins og veitt áfallahjálp. Um sjö vikur hefðu verið liðnar frá atvikinu þegar brotáþoli hefði leitað til hennar og því hefði matið fljótlega farið fram. Brotáþoli hefði verið greind með áfallastreituröskun. Brotáþoli hefði lýst því að hún hefði upplifað ofsaotta og bjargarleysi og sýnt sterk tilfinningaviðbrögð, bæði í símtölum og viðtölum. Hún hefði grátið og lýst því að hún aftengdist eigin

hugsunum þegar rætt var um áfallið. Vitnið hefði veitt henni sérhæfða áfallameðferð og náðst hefði góður árangur.

Fram kom að brotaþoli hefði lýst ákveðnum einkennum áður en hún kom til vitnisins. Hún hefði hitt sálfræðing einu sinni eða tvisvar áður en ekki fengið neinar geðgreiningar. Spurð um ummæli í vottorði hennar um athugasemdir sem hefðu haft neikvæð áhrif á brotaþola kvað vitnið að sumir hefðu sagt henni að hún hefði ekki átt að koma sér í þessar aðstæður eða að hún ætti að vera búin að jafna sig. Slíkar athugasemdir væru til þess fallnar að ýta undir sjálfsásökun og hafa skaðleg áhrif á líðan. Vitnið kvaðst ekki hafa hitt brotaþola frá því meðferð lauk en hún vissi þó af því að bakslag hefði orðið hjá henni fyrir um ári síðan.

Lögreglumaður nr. H kvaðst hafa kannað staðsetningu samkvæmt þeim hnitum sem hefðu legið fyrir í málinu að beiðni sækjanda. Hann hefði slegið hnitin inn í Apple Maps og fengið upp staðsetningu í Heiðmörk. Í kjölfarið hefði hann farið á vettvang, tekið ljósmyndir og gert um þetta skýrslu.

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök nauðgun með því að hafa án samþykkis og með ólögumatri nauðung haft önnur kynferðismök en samræði við brotaþola og er háttseminni nánar lýst þannig í ákæru að hann hafi kysst hana á munn og háls og ítrekað beðið hana um samræði, klætt hana úr peysunni, tekið um brjóst hennar, sleikt og sogið á henni geirvörtunum, farið úr buxunum, tekið um háls hennar og þvingað hana til munnmaka, sett hönd hennar á lim sinn og látið hana fróa sér, farið inn á buxur hennar og sett fingur sína á kynfæri hennar og engu skeytt um þótt hún segði honum ítrekað að hún vildi þetta ekki, bæði hann um að hætta, ýtti hendi hans í burtu og öskraði. Er atvikið talið hafa átt sér stað í bifreið ákærða á bifreiðastæði í Heiðmörk.

Ákærði neitar alfarið sök og hafnar því að nokkuð kynferðislegt hafi átt sér stað milli hans og brotaþola. Hann kveður þau einungis hafa farið saman í bílferð og rætt saman.

Brotaþoli lýsti hins vegar því að í bílferðinni hefði ákærði byrjað að strjúka læri hennar. Hann hefði síðan stöðvað bifreiðina á afskekktu bílastæði umluktu trjágróðri og þar hefði hann haldið áfram að snerta hana og kyssa. Brotaþoli kvaðst ítrekað hafa látið ákærða vita að hún vildi þetta ekki og óskað eftir því að komast heim. Hún greindi frá því að ákærði hefði lyft upp bol hennar, tekið hana úr brjóstahaldara og kysst og sogið geirvörtur hennar. Þá hefði hann sett hönd sína inn á kynfæri hennar en hún hefði þá öskrað. Ákærði hefði farið að snerta eigin kynfæri, klætt sig úr að neðan og tekið í hönd hennar og sett hana á getnaðarlim sinn með það að markmiði að hún fróaði honum. Þá hefði ákærði jafnframt gripið um háls hennar og neytt hana til að veita sér munnmök.

Brotapoli lýsti því jafnframt að ákærði hefði reynt að fá hana til að hafa samræði við sig í aftursæti bifreiðarinnar.

Ákærði og brotapolí hittust á körfuboltavelli þar sem hún var að leika körfubolta með frændsystkinum sínum. Þau tóku tal saman og ákærði gekk til liðs við hópinn og fór að leika körfubolta með þeim. Brotapoli lýsti því að henni hefði þótt snertingar ákærða meðan á leiknum stóð óþægilegar og óviðeigandi. Ákærða og brotapolá ber ekki fyllilega saman um hvernig það kom til að þau fóru saman í bílferð að leik loknum. Brotapoli kvaðst hafa séð ákærða veipa og viljað prófa það. Hún hefði síðan spurt hann hvort hann ætti „gras“ þar sem hana langaði til að prófa að reykja það. Að hennar sögn sagðist ákærði eiga slíkt efni og ökuferðin hefði verið til þess að hún gæti prófað það. Ákærði lýsti atvikum á annan hátt. Hann kvað brotapolá hafa viljað fara í bílferð og spurt hvort hann ætti eitthvað til að reykja. Hann hefði neitað því og tekið fram að hann ætti ekkert annað en veip.

Brotapoli kvað ákærða hafa sagt að hann hygðist aka með hana til Hafnarfjarðar þar sem þau gætu notið útsýnis á meðan þau reyktu. Hann hefði hins vegar ekið allt aðra leið, sem hún vissi að lægi ekki til Hafnarfjarðar. Hún hefði spurt hann hvert hann væri að fara og hann svarað því að hann þekkti styttri leið. Ákærði kannaðist ekki við að Hafnarfjörður hefði verið nefndur. Hann kvað þau hafa ekið um Breiðholt og Árbæ og að hann hefði stöðvað bifreiðina einhvers staðar í Árbæ. Hann sagðist ekki geta lýst staðsetningunni nánar þar sem hann hefði ekki verið vel kunnugur staðháttum. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni í nokkrar mínútur til að reykja á meðan brotapolí sat inni í bílnum. Að hans sögn voru mörg tré á svæðinu og gangandi vegfarendur á ferli. Brotapoli lýsti staðsetningunni á annan hátt. Hún kvað um hafa verið að ræða skóglendi þar sem ekkert annað hefði verið sjáanlegt en tré. Hún hefði ekki haft neina hugmynd um hvar hún væri stödd.

Brotapoli greindi frá því að hún hefði sent frænda sínum staðsetningu sína þegar hún varð óttaslegin. Við rannsókn málsins var sími brotapolá skoðaður og þar mátti finna skilaboð sem hún hafði sent frænda sínum þar sem fram komu upplýsingar um staðsetningu hennar. Kort sem sýnir staðsetningu var ekki lengur aðgengilegt í símanum en sjá mátti lengdar- og breiddargráður sem unnt var að slá inn á kort. Þegar lögregla sló inn hnitin leiddi staðsetningin á útskot við veg í Heiðmörk, líkt og nánar hefur verið lýst að framan. Af ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi og skjámyndum af staðsetningunni sést að um er að ræða skógi vaxið svæði, nokkuð afskekkt og utan þéttbýlis.

Ákærði og brotapolí eru ein til frásagnar um atvik þau sem áttu sér stað í bifreið ákærða. Lýsa þau atburðarásinni með gjörólíkum hætti. Líkt og rakið hefur verið að framan greinir brotapolí frá því með nákvæmum og samfelldum hætti hvernig ákærði hafi brotið á henni kynferðislega. Ákærði hafnar hins vegar frásögn hennar alfarið og neitar því að nokkuð kynferðislegt hafi átt sér stað.

Brotapoli greindi frá því að hún hefði sent bæði frænda sínum og vinkonu sinni skilaboð á meðan hún var stödd í bifreið ákærða. Skilaboðin liggja fyrir meðal gagna málsins. Þar má sjá að brotapolí sendi frænda sínum staðsetningu sína og bað hann um að koma heim til sín. Skömmu síðar sendi hún skilaboðin „Hjálp“ og „Er hrædd“, sem frændi hennar óskaði nánari skýringa á. Í skilaboðum til vinkonu sinnar ritaði brotapolí m.a.: „Hjálp“, „Map“ og „Ss það“. Vinkonan svaraði með orðunum „Hvað“, og brotapolí svaraði þá: „Ekt“. Brotapolí greindi jafnframt frá því að hún hefði rætt við frænda sinn í síma og beðið hann að hjálpa sér með sögu til að komast frá ákærða. Ekki reyndist þó unnt að staðfesta símtöl á þessum tíma í símtalaskrá síma brotápola.

Frændi brotápola staðfesti fyrir dómi að hafa fengið umrædd skilaboð frá henni með beiðni um hjálp. Þá greindi hann frá því að brotapolí hefði í kjölfar atviksins, þegar hún kom heim, greint honum frá því sem gerst hefði. Hann kvaðst ekki muna atvik frásagnar hennar í smáatriðum, en staðfesti framburð sinn hjá lögreglu. Þar kom fram að hann hefði fengið skilaboð frá brotápola umrætt kvöld og jafnframt hringt í hana.

Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki muna hvort brotapolí hefði talað í símann, en hann mundi að hún hefði verið með símann í höndunum. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann muna eftir því að hún hefði talað í símann. Þá kannaðist hann við að brotapolí hefði borið því við að einhver hefði látist og að hún þyrfti þess vegna að komast heim.

Vinkona brotápola staðfesti fyrir dómi að hafa fengið skilaboð frá brotápola umrætt kvöld en hún hefði ekki gert sér grein fyrir hvað væri að gerast á þeim tíma. Hún kvað brotápola hafa hringt í sig daginn eftir og greint sér frá atvikinu. Brotapolí hefði verið í miklu uppnámi og hágrátandi. Frændi brotápola lýsti sams konar andlegu ástandi hennar þegar hún greindi honum frá atvikinu og kvað hana hafa verið í miklu uppnámi.

Brotapolí virðist ekki hafa sagt fleirum frá atvikinu fyrr en nokkrum vikum síðar, þegar hún sá mynd af ákærða í „story“ á samfélagsmiðlum vinkonu sinnar. Vinkonan staðfesti fyrir dómi að brotapolí hefði haft samband við sig í kjölfarið til að spyrjast fyrir um ákærða, m.a. hvað hann hétí og hvernig hún þekkti hann. Hún kvað brotápola þá hafa lýst því sem gerst hefði og verið í uppnámi. Um svipað leyti virðist brotapolí hafa greint móður sinni frá atvikinu. Móðir hennar greindi frá því fyrir dómi að brotapolí hefði átt erfitt með að segja frá og verið í miklu uppnámi. Í framhaldi af þessu fór brotapolí á Neyðarmóttöku hinn 22. júní 2022 þar sem hún lýsti atvikum. Skoðun fór þó ekki fram þar sem langt var liðið frá atvikum.

Ákærða og brotápola ber saman um að nokkrum dögum eftir atvikið hafi ákærði sent brotápola skilaboð á Snapchat. Þeim ber þó ekki saman um viðbrögð brotápola. Brotapolí kvaðst hafa hunsað skilaboðin og í kjölfarið lokað á samskiptin. Ákærði lýsti því á hinn bóginn að þau hefðu átt stutt samskipti þar sem hann hefði spurt hvernig henni liði án þess að rætt hefði verið um að hittast á ný. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem staðfesta samskipti aðila á þessum tíma.

Framburður ákærða og brotþola hefur að meginstefnu til verið stöðugur um atvik málsins. Ákærði hefur frá upphafi hafnað því alfarið að nokkuð kynferðislegt hafi átt sér stað. Spurður um hugsanlegar skýringar á framburði brotþola kvaðst hann telja að um tilbúning væri að ræða og að mögulegt væri að von um fjárhagslegan ávinning lægi þar að baki. Engin gögn málsins styðja þá tilgátu að fjárhagslegar ástæður hafi legið að baki kæru brotþola. Í því sambandi má m.a. horfa til þess að bótakrafa af hennar hálfu var ekki sett fram fyrr en nokkrum dögum fyrir útgáfu ákæru.

Framburður brotþola hefur einnig verið stöðugur um öll þau atvik sem máli skipta. Framburður hennar er skýr og verður að teljast afar trúverðugur. Fyrir dómi lýsti hún atvikum nær alfarið í frjálsri frásögn. Það eina sem bar að nokkru leyti á milli framburðar hennar fyrir dómi og framburðar hjá lögreglu var að hún nefndi ekki með jafn skýrum hætti að ákærði hefði kysst hana á munninn líkt og hún hafði greint frá í skýrslutöku hjá lögreglu. Þá var lýsing hennar ekki að öllu leyti samhljóða um hvar í atburðarásinni ákærði hefði snert kynfæri hennar en hún lýsti þessum atvikum engu að síður með sambærilegum hætti. Brotþoli var ekki spurð nánar út í þessi atriði fyrir dómi.

Framburður brotþola fær verulega stöð í gögnum málsins og framburði vitna. Þar ber fyrst að nefna þau skilaboð sem hún sendi á meðan á bílferð hennar og ákærða stóð, auk upplýsinga um símtal hennar við frænda sinn. Af þessum gögnum verður ráðið að brotþoli hafi verið óttaslegin og talið sig þurfa aðstoð. Þá liggur fyrir að hún gaf ákærða uppspunna skýringu á því að hún þyrfti að komast heim sem fyrst, sem ákærði hefur sjálfur kannast við að hún hafi borið fyrir sig. Jafnframt liggur fyrir að ákærði ók með brotþola á afvikinn stað og stöðvaði bifreiðina þar. Sú staðsetning samræmist ekki framburði ákærða um að hann hafi ekki farið út fyrir byggð höfuðborgarsvæðisins en samræmist hins vegar lýsingu brotþola á því hvar bifreiðin hafi verið stöðvuð.

Fyrir liggur jafnframt að brotþoli leitaði á Neyðarmóttöku nokkru eftir atvikin og greindi þar frá því sem hún kvað hafa komið fyrir. Þá greindi hún vinkonu sinni og móður frá atvikunum um svipað leyti. Vitni fyrir dómi, móðir brotþola, tvær vinkonur hennar, frændi, hjúkrunarfræðingur af Neyðarmóttöku og sálfræðingur, hafa öll borið um mikla vanlíðan brotþola þegar hún greindi frá atvikunum og/eða um breytingar á hegðun og líðan hennar í kjölfar þeirra. Jafnframt liggur fyrir vottorð sálfræðings þar sem greint er frá ýmsum einkennum áfallastreituröskunar sem brotþoli hafi upplifað og hafi haft víðtæk áhrif á líðan hennar.

Öll framangreind atriði styðja framburð brotþola eindregið. Af hálfu ákærða hefur verið bent á að vitni hafi lýst frásögn brotþola með öðrum hætti en brotþoli sjálf gerði fyrir dómi og hjá lögreglu. Ekki verður þó fallist á að slíkt misræmi sé þess eðlis að dragi úr trúverðugleika brotþola. Þvert á móti virðist framburður vitna, að því marki sem þau gátu endurflutt frásögn brotþola, samræmast henni nokkuð vel. Þá verður ekki talið að það orðalag í skýrslu Neyðarmóttöku að ákærði hafi reynt að setja getnaðarlim

sinn í leggöng brotþola án árangurs sé í ósamræmi við framburð brotþola. Hún lýsti því að vilji ákærða hefði staðið til þess og að hann hefði reynt að fá hana í aftursæti bifreiðarinnar í þeim tilgangi.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að leggja trúverðugan framburð brotþola, sem fær stoð í gögnum málsins, til grundvallar niðurstöðu málsins. Er því sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru að undanskildu því að hann hafi kysst brotþola á munninn. Þá liggur jafnframt fyrir af framburði brotþola, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að ákærði hafi ekki tekið hana að fullu úr peysunni heldur lyft henni upp og fjarlægt brjóstahaldara hennar. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Refsing, bótakrafa og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 23. október 2025, hefur ákærði tvisvar sinnum gengist undir lögreglustjórásátt vegna umferðar- og fikniefnalagabrota, árin 2023 og 2025. Brot ákærða var framið fyrir þann tíma og verður ákærða því dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að um alvarlegt brot er að ræða sem beindist að kynfrelsi ungrar konu. Þá verður horft til einbeitts brotavilja ákærða sem birtist í því að hann lét ekki af háttsemi sinni þrátt fyrir að brotþoli hafi ítrekað látið í ljós að hún hefði ekki áhuga á kynferðislegum athöfnum og vildi fara heim. Á hinn bóginn verður að líta til þess að verulegur dráttur hefur orðið á meðferð málsins sem ákærða verður ekki kennt um. Brotþoli kærði brotið til lögreglu í júní 2022. Skýrsla var tekin af ákærða í september sama ár. Rannsókn málsins virðist hafa lokið að vori 2023 eftir gagnaöflun og skýrslutökur vitna, utan þess að skýrsla var unnin um brotavettvang í september 2025 að beiðni sækjanda. Ákæra í málinu var gefin út 23. október 2025 þegar þrjú ár og fjórir mánuðir voru liðin frá kæru brotþola. Eru nú liðin um fjögur ár frá brotinu. Að framangreindu virtu og með hliðsjón af dómaframkvæmd Landsréttar og Hæstaréttar í sambærilegum tilvikum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 33/2025, verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu brotþola er krafist miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna auk vaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur hann með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Háttsemi ákærða er til þess fallin að valda brotþola miska og má ráða af framburði brotþola og vitna að hún hafi valdið brotþola

mikilli vanlíðan. Þá liggur frammi vottorð sálfræðings þar sem fram kemur að brotþoli hafi glímt við áfallastreituröskun og sótt meðferð við því. Er óljóst hverjar afleiðingarnar verða til lengri tíma litið. Með hliðsjón af framangreindu og dómaframkvæmd þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 2.000.000 króna með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði. Dráttarvextir leggjast á fjárhæðina mánuði eftir þingfestingu málsins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 1.784.670 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 954.180 krónur, og 104.000 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson settur varahéraðs-saksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kyle Andrew Tayag, sæti fangelsi í tvö ár en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 13. maí 2022 til 19. desember 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 1.784.670 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 954.180 krónur, og 104.000 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir